



Formannaskipti hjá Læknafélagi Íslands

Dagana 19. og 20. október síðastliðinn var haldinn 99. aðalfundur Læknafélags Íslands, og fór hann fram í húsnæði félagsins í Hlíðasmára í Kópavogi. Til fundarins voru boðaðir 66 fulltrúar og mættu 48 þeirra. Að auki sátu fundinn nokkrir gestir og aðrir félagsmenn sem ekki höfðu atkvæðisrétt.

Fundartíminn, tveir dagar, rétt dugði fyrir öll þau brýnu málefni, skipulagsbreytingar, ályktanir, dagskrá afmælisársins, ársreikninga, glærur, pælingar og skoðanaskipti sem aðalfundarfulltrúar þurftu að renna sér í gegnum. Fyrir utan tímenn sem það tók allt kaffið, samlokurnar og sætmetið að renna ofan í viðstadda. En þetta hafðist allt að lokum, og við lok seinni dagsins náðist þessi mynd af glænýjum formanni og fráfarandi formanni sem halda á nýju merki félagsins sem kynnt var á aðalfundinum og samþykkt

af fundarmönnum. Stærstu tíðindi fundarins eru þau að samþykktar voru ítarlegar skipulags- og lagabreytingatillögur stjórnar LÍ sem marka tímamót í sögu félagsins.

Reynir Arngrímsson erfðalæknir er nýr formaður LÍ, hann hlaut kjör í rafrænni allsherjarkosningu félagsmanna í vor og tók nú á aðalfundinum formlega við því embætti.

Þorbjörn Jónsson sérfræðingur í ónæmisfræði og blóðgjafarfræði hefur gegnt formannsstöðu síðustu 6 ár, og lét nú af því embætti.

Myndin er tekin við vegg í fundahúsnæði félagsins sem prýddur er myndum af fyrrum formönnum LÍ, - og nýja merkið slær bláum hring um táknn sem Sigurður V. Sigurjónsson teiknaði fyrir félagið á 75 ára afmæli þess, árið 1993.

Sjá nánar um fundinn á bls. 508-11.

VS

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Í framrústefnulist sjöunda áratugarins spruttu fram nýir stílar og aðferðir sem viðbrögð við framvindu listasögunnar framan af 20. öld.

Móðernisminn hafði skilið eftir einsleita hugmyndafræði sem einskorðaðist við efnisleg verk, myndir eða hluti sem féllu inn í gamalgróin kerfi liststofnana og markaðar. Á skömmum en gróskumiklum tíma bættust fjölmargar leiðir við málverka- og skúlptúrhefðina sem þykja sjálfsgöðar á pallettu ungra listamanna í dag. **Leifur Ýmir Eyjólfsson** (f. 1987) stýðst í listsköpun sinni meðal annars við konseptlist og gjörninga eins og dæmi hans á forsiðu sannar, en það er án titils og frá þessu ári. Verkið er afkastur tilrauna hans með gjörningaformið, nokkurs konar eftirköst eða skrásetning. Það felur í sér 52 silkiprykk með handskrifaðri upptalningu á vikudögunum – og spannar þannig í raun heilt ár. Þessi hversdagslega upptalning kann að draga fram minningar eða hugleiðingar hjá áhorfendum um þeirra eigið daglega líf, um framrás tímans og sammann-



lega reynslu. Í öðrum textaverkum listamannsins varpar hann fram spurningu til áhorfenda: *Hvað finnst þér um*

Evrópusambandið? Hvað finnst þér um tuttugustu öldina? Leifur Ýmir setur þessar látláusu spurningarnar fram í málverkum, silkiprykkjum, prentverkum og bókverkum og minnir um margt á ljóðskáld þar sem texti er undirstaða margra verka hans. Þar má þó jafnframt finna myndræn kerfi sem byggja á endurtekningu eða reglu, eins og til að mynda í seríu frá 2015 sem sýnir ólíka stefnu og hreyfingu með örvum, ekki ósvipað leikkerfi hópípróttamanna. Leifur Ýmir útskrifaðist frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2013. Hann hefur sýnt við ýmis tækifæri hér á landi og erlendis undanfarin ár og meðal annars unnið að verkefni um fjölfeldi

í samstarfi við listamanninn Sigurð Atla Sigurðsson undir heitinu *Prent & vinir*.

Markús Þór Andrússon

Útgefandi

Læknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur

Ritstjórn

Magnús Gottfréðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Elsa B. Valsdóttir
Gerður Gröndal
Hannes Hrafnkelsson
Magnús Haraldsson
Sigurbergur Kárason
Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir

Tölfræðilegur ráðgjafi

Thor Aspelund

Ritstjórnarfulltrúi

Védis Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Blaðamaður

Hávar Sigurjónsson
havar@lis.is

Auglýsingastjóri og ritari

Esther Ingólfssdóttir
esther@lis.is

Umbrot

Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is

Upplag

1900

Prentun, bókband og pökkun

Prenttækni ehf.
Vesturvör 11
200 Kópavogi



Áskrift

14.900,- m. vsk.
Lausasala
1490,- m. vsk.

© Læknablaðið

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirsiluna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213